■ Listakonan Barbara Waltman sýnir verk frá Íslandi að Kjarvalstöðum. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir spjallaði við hana um verkin.

Leiðin frá Keflavík til Reykjavíkur



Þær myndir Barböru Waltman sem gefur að líta á sýningu hennar að Kjarvalsstöðum sem opnar á laugardaginn eru tilkomnar vegna hugljómunar sem listakonan fékk á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur.

"Ég grét þegar ég pakkaði myndunum niður og sendi þær til Íslands. Það voru tár yfir missinum, það voru tár feginleika. Eins og þegar börn vaxa úr grasi og fara að heiman, þá kemur gleðin yfir því að þau skuli vera fær um að standa á eigin fótum en um leið sorgin yfir að að láta þau frá sér."

Barbara Waltman var hér á ferðalagi síðastliðið haust, en maðurinn hennar Arthur C. Danto, var hér í boði háskólans að flytja fyrirlestur. Hún notaði tækifærið og skoðaði svæðin í kringum Reykjavík og Keflavík. Þær myndir sem gefur að líta á sýningu hennar að Kjarvalsstöðum sem opnar á laugardaginn eru tilkomnar vegna hugljómunar sem listakonan fékk á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur. Regnið helltist yfir rútubílinn á leiðinni og henni fannst að hún væri um borð í skipi.

Eftir fimm daga dvöl á Íslandi sneri listakonan heim, og málaði á hálfum þriðja sólahring sextán málverk. Í ferðinni skoðaði hún meðal annars Grindavík og myndir þaðan gefur að líta á sýningunni. Mig langar að vita hvað gerist inni í þessum húsum," segir hún og bendir á eina myndina. En gluggarnir eru þaktir í sterkrauðum gulum lit. Ég bendi henni á bækur Guðbergs Bergssonar sem óx úr grasi í Grindavík. Hún skrifar nafnið hans hjá sér en hefur annars verið að lesa Íslendingasögurnar. Við staðnæmumst hjá Geysi en ég furða mig á tilveru hans í þessari myndröð.

"Ég var fjóra tíma að þrífa vinnustofuna eftir að hafa málað Geysi, ég skvetti villt og galið á pappírinn. Geysir er með í þessari myndaseríu þó hann sé ekki að finna á leiðinni til Keflavíkur, það má segja að hann sé einskonar fantasía.

Það er fleiri fantasíur að finna í þessari myndröð Barböru, einni myndinni eru til dæmis himinhá tré. Hún segist hafa hrifist af ljósinu, en Íslendingar eigi stundum bágt með að skilja það, enda sé ljósið þeim eðlilegur hluti af umhverfinu. Hraunið með öll sín skringilegu form, eins og skúlptúra eða rúnamyndir, eru Barböru endalaus uppspretta hugmynda, skýjafarið og sí-breytilegt veður. Litlir fiskibátar vagga á sjónum, sjálf segist Barbara vera heilluð af hafinu. Faðir hennar átti fiskibát og hún fór stundum með honum til að veiða útifyrir Rockport í Massachusetts. Hún segir að húsinu í sjávarþorpunum á Suðurnesjunum séu máluð í svo björtum og glaðlegum litum, ólíkt því sem hún eigi að venjast frá heimkynnum sínum. Ég segist halda að það sé meiri litadýrð en venjulega í íslenskum fiskiþorpum, það sé að hluta til vegna áhrifa frá ameríska herþorpinu á Keflavíkurflugvelli, dálítið væmnir bleikir og grænir litir í húsamálum, þó sé meira um það í Keflavík en hinum bæjunum.

Ég bendi á mynd af ljósaskiptunum og segi hvað hún sé falleg, litanotkunin sérstök og skemmtileg. "Já, það finnst mér líka," segir Barbara kát og segir í leiðinni að hún nenni ekki að vera með neitt uppgerðarlítillæti. Hún elski myndirnar sínar og sumar þeirra finnist henni einfaldlega æðislegar.

Oft hefur verið fjallað um Keflavíkurveginn, sem ljótan veg og landið setji niður hjá útlendingum sem þurfa að hefja ferðina til Íslands með því að keyra þessa flatneskjulegu leið og trompa síðan lágkúruna með Álverinu í Straumsvík. Ég hef alltaf verið ósammála því og fundist þessi leið mjög falleg. Í bók fyrir jólin lýsti erlend kona landslaginu þar sem tunglrænu, gagnrýnandi greip það á lofti og sagði það orð sem ætti enga hliðstæðu í íslensku máli. En orðið á sér svo sannarlega hliðstæðu í sjálfu landslaginu, því það er tunglrænt. "Mér finnst landslagið magnað á þessari leið og þessi bílferð inn til borgarinnar klukkan hálf sjö um morgun, hafði á mig djúp tilfinningaleg áhrif," segir Barbara.

Barbara Westman hefur fyrir löngu skapað sér nafn í listasögunni fyrir persónulegan stíl en Boston bókin sem er ein fimm bóka sem hún gaf út á áttunda áratugnum, gerði hana að eftirlæti Boston búa og hafði mikil áhrif á sjálfsmynd þeirra. "Hún hafði skapað Boston ímyndunaraflsins," skrifar Arthur C. Danto. "og af því að ásýnd þessarar ímyndunarborgar var nákvæm eftirmynd þeirrar Bostonborgar sem menn þekktu þótti hinum fjölmörgu aðdáendum Barböru ímyndunarborgin vera til í raun og veru."


Barbara var aðalteiknari New Yorker á gullaldarárum blaðsins en að sögn Danto lifðu íbúar borgarinnar sig inn í þá sýn sem listamenn blaðsins framreiddu viku eftir viku á forsíðu blaðsins.

Danto segir annars staðar í þessari grein að sambúðin með Barböru hafi breytt viðhorfi hans til lista og segir um sýninguna núna að Kjarvalsstöðum: "Ég þekki engan sem málar með jafnmiklu fjöri og jafn áreynslulaust. Hver annar gæti hafa skapað verkin á þessari sýningu."

■ Kjarvalsstaðir á laugardag

Ráðgátur Monory

"Undir niðri er ég rómantískur og það á sér stað í öllum verkum mínum," segir Jacques Monory einn af leiðtogum evrópska frásagnarmálverksins.



Þrjár táknrænar myndir eftir Monory. Fyrsta myndin er í bláum lit og táknar gærdaginn. Önnur myndin táknar daginn í dag og svartur litur er mest áberandi. Þriðja myndin er sannkölluð litasprengja og stendur fyrir morgundaginn.

Árið 1991 málaði Monory, sem er einn af frægustu evrópsku frásagnarlistamönnunum, sitt síðasta verk. Inn í það skeytti hann myndum af allri fjölskyldunni sinni.

"Ég hélt að þetta væri búið, að nú væri ég hættur. Það stóð yfir í viku þá var ég byrjaður að mála aftur."

Monory opnar sýningu að Kjarvalsstöðum á laugardaginn þar sem gefur að líta úrval verka frá síðastliðnum þremur árum.

La Figuration Narrative eða Evrópska frásagnarmálverkið var meðvitað andsvar franskra listamanna við abstraktmálverki Parísarskólans og bandarísku popplistinni í byrjun sjöunda áratugarins en andstætt henni voru frásagnarlistamennirnir gagnrýnir á samfélagið og listina."

"Á hverju ári reyni ég að halda minn síðasta myndakonsert," segir hann hlæjandi. En ég er enn að. En hvað ætti ég líka að gera ef ég hætti að mála, mig myndi langa til að verða eins og gömlu heimspekingarnir. En gæti ég lifað þannig. Ég er ekki frjáls - En ég vildi óska þess að ég væri frjáls."

Við staðnæmust við þrjár myndir Monorys sem fjalla um gærdaginn, daginn í dag og morgundaginn. Ég spyr hann afhverju dagurinn í dag sé svona svartur?

"Öll verk mín eru blanda af svartsýni og ást á fólki, undir niðri er ég rómantískur og það á sér stað í öllum verkum mínum. Ég sé lífið í dag í svörtum lit en það er löng saga. Ég er ekki einungis svartsýnn því mér finnst lífið fallegt og ég er fullur af orku."

Við göngum fram hjá myndröð þar sem elskendur kyssast á ferhyrndum fleti á öllum myndunum nema einni, þar er búið að skipta út kossum fyrir byssu. Byssur eru mjög endurtekið minni í öllum verkunum og hann hefur sviðsett í myndum sínum margar útgáfur af "leynilögreglureyfurum," sem gengið hafa undir nafninu ráðgátur. Myndirnar lúta ekki raunveruleikanum heldur eigin lögmálum, og eru oftast í bláum lit sem kallar fram tilfinningalega fjarlægð. Ráðgátan er grundvallaratriði í öllum verkum listamannsins og hann hefur sagt að í nýrri verkum sínum sé merking þeirra ráðgáta fyrir honum sjálfum meðan þær eru að þróast. Hann sækir tilvísanir og frásagnaraðferðir ósjaldan í myndskeið kvikmyndanna og hann nýtur þess að segja sögur. "Ég fæ ánægju út úr því að taka virkan þátt í sögunum," segir hann.

Og það er enginn vafi að það fá gestir Kjarvalsstaða líka.

Við komumst ekki lengra í þessu viðtali, enda segir Monory. "Þú átt bara að ímynda þér viðtalið, það er lang best þannig."

Fundur á Akureyri

Jafnaðarmannafélag Eyjafjarðar boðar félagsmenn til fundar næstkomandi laugardag, 22. febrúar, kl. 12.00 á hádegi í veitingasalnum "Stássið" á Akureyri.
Rætt verður um stjórnmálaviðhorfið og flokksmál. Gestir fundarins verða **Sighvatur Björgvinsson**, formaður Alþýðuflokksins, og **Magnús Norðdahl**, formaður framkvæmdastjórnar.

Stjórn félagsins

Opinn stjórnarfundur FUJR

Ákveðið hefur verið að halda stjórnarfund hjá hinu forna félagi ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, sunnudaginn 23. febrúar klukkan 13.00, í Alþýðuhúsinu í Reykjavík, Hverfisgötu 8-10. Fundurinn er að vanda opinn öllum félagsmönnum og viljum við hvetja sem flest ykkar til að mæta á þessu 70 ára afmælisári félagsins.

Kolbeinn H. Stefánsson, varaformaður FUJR